

Nr. 064 / 09 Gnúpur GK 11***Skipverji slasast við töku veiðarfæris***

Skipaskr.nr. 1579
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1981
Stærð: 627,8 brl. 1141 bt.
Mesta lengd: 68,2 m Skráð lengd: 61,79 m
Breidd: 10,2 m Dýpt: 6,81 m
Vél: MaK 2355 kW 1981
Fjöldi skipverja: 26



Gnúpur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. júní 2009 var Gnúpur GK 11 að togveiðun á Reykjaneshrygg. Veður: SV 10-12 m/s, ölduhæð 3 m.

Verið var að láta trollið fara og voru skipverjar að greiða fyrir útslökuninni með því að taka höfuðlínuna klára svo hún færi ekki uppvaðin eða flækt í sjóinn. Einn skipverja hélt í höfuðlínuna þegar sláttur eða rykkur kom á hana með þeim afleiðingum að hann tókst á loft og lenti á bakinu á bobbingagarði.

Um kvöldið var slasaði fluttur með þyrli á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að bobbingagarðurinn er um það bil 40 sm hár þar sem slasaði lenti og tveggja til þriggja sentimetra þykkur;
- að flottrollstromlan er á þilfari ofan við trollþilfar og vefst trollið undir keflið. Þar er trollið í um tveggja og hálfs metra hæð frá trollþilfari en lækkar aftur að skutrennuloku.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.